

Ritdómur

This Sacred Life: Humanity's Place in a Wounded World,
eftir Norman Wirzba. Cambridge: Cambridge University Press, 2021, 263 bls.

Norman Wirzba (f. 1964), guðfræðiprófessor við Duke University Divinity School í Bandaríkjunum, er afkastamikill höfundur og hefur getið sér gott orð fyrir bækurnar *Food and Faith: A Theology of Eating* (2018), *Way of Love: Recovering the Heart of Christianity* (2016), *From Nature to Creation: A Christian Vision for Understanding and Loving Our World* (2015) og *Living the Sabbath: Discovering the Rhythms of Rest and Delight* (2006). Nýjasta bókin hans, *This Sacred Life: Humanity's Place in a Wounded World* (2021), virðist rökrétt framhald þeirra viðfangsefna sem hann hefur helgað sig fram til þessa en í henni heldur hann áfram umfjöllun sinni á margvíslegum guðfræðilegum og siðferðilegum viðfangsefnum sem tengjast afleiðingum hamfarahlýnunar jarðarinnar. Bókarkápan er einstaklega falleg en hana prýðir mynd eftir Vincent Van Gogh frá 1880 sem kallast á ensku *Memory of the Garden at Etten: Ladies of Arles* og sýnir sveitakonur í litríkum klæðum að störfum í fallegum blómagarði.

Í upphafi bókar gerir Wirzba grein fyrir helstu umfjöllunarefnum sínum en þau tengir hann eftirfarandi þremur grundvallarspurningum guðfræðilegrar siðfræði. Í fyrsta lagi: Hvers konar staður er jörðin? Er hún vinnslustöð hráefna í þágu mannsins, paradís, vöruskemma eða leiksvið manlegs sköpunarkrafts? Í öðru lagi: Hvernig má skilgreina hina mennsku lífveru? Sem tilviljanakennda niðurstöðu á löngum þróunarferli, herra og yfirboðara jarðarinnar, hlekk í framleiðslukeðju eða barn Guðs? Og í þriðja lagi: Hefur líf okkar hér á jörð einhverja æðri merkingu? Hvenær er líf okkar lofsvert, er kærleiksrík breytni fyrirhafnarinnar virði og getum við leyft okkur að vona?

Bókin skiptist í þrjá hluta. Sá fyrsti ber heitið Mat á aðstæðum og inniheldur tvo kafla sem kallast: Horfst í augu við mannöldina og Freisting transhúmanismans. Í þeim fyrri skýrir höfundur mikilvæg hugtök sem tengjast skilningi á orsökum og áhrifum hamfarahlýnunar af mannavöldum, þar á meðal hugtakinu mannöld (e. *anthropocene*) og umorðun þess á síðari tímum: auðhyggjuöld (e. *capitalocene*). Þá fjallar hann um rangtúlkun hugtaksins frelsi mannsins en það telur hann að skýri að miklu leyti fruntalega framgöngu mannsins gagnvart náttúrunni gegnum tíðina. Augljóst sé að mörk freliss mannsins hafi stöðugt verið þanin út síðustu aldir og afleiðingarnar blasi við sem hamfarahlýnun jarðar með skelfilegum samfélagslegum afleiðingum. Gagnrýnin umfjöllun um stöðu mannsins leiðir til þess að höfundur stingur upp á hugtakinu *creaturely condition* en því er ætlað að beina athyglinni að takmörkunum og endanleika manneskjunnar sem lífveru en slíkur skilningur á að koma í veg fyrir að við umgöngumst náttúruna með þeim hætti sem við höfum ástundað um aldir.

Í síðari kafla fyrsta hlutans leitast höfundur við að útskýra með dæmum hvað felst í þeirri hreyfingu sem kallast *transhumanism* á ensku en útskýring hans á fyrirbærinu er í stuttu máli

sú að þetta hugtak nái til þeirra sem trúa því að hægt sé að lengja lífið með margvíslegum hætti svo maðurinn geti lifað að eilífu. Dauðinn sé ekki lengur nauðsynleg niðurstaða lífsins heldur val. Þessa sannfæringu tengir höfundur ófullnægju manna með stöðu sína en sú ófullnægja byggist, að hans mati, á reynslunni af hinu illa og ófullkomna. Hér teygir Wirzba sig allt aftur til Sókratesar til að útskýra hve djúpt slík ófullnægjutilfinning sé greypt í eðli mannkyns og bendir á ævafornar hugmyndir um ódauðleika sálarinnar sem dæmi þar um. Ólíku sé þó saman að jafna þegar lítið sé til andsvars Sókratesar annars vegar og transhúmanistanna nú um stundir hins vegar og þeir síðarnefndu séu mun róttækari. Hann vísar skoðunum transhúmanista á bug og segir líf án þjáningar og alls kyns leiðinda óhugsandi miðað við forsendur mannkyns á jörðinni.

Miðhluti bókarinnar ber yfirskriftina *Turning to Fundamentals* og inniheldur tvo kafla. Í þeim fyrri er fjallað um hvað í því felst ef við viðurkennum og tökum alvarlega hina raunverulega stöðu manna sem hlutmengi alls þess sem lifir hér á jörð. Túlkun Wirzba á mannskilningi sköpunarfrásagna Gamla testamentisins, sem og skilningi fornaldarheimspekinga á þeim, er að maðurinn sé mold. Líf hans byggist á nákvæmlega sömu grundvallarforsendum og allt annað líf á jörðinni. Allt líf er bókstaflega bundið jörðinni og lýtur sömu forsendum. Þetta stef er spunnin í ýmsar áttir, t.d. tengt umræðu um staði (e. *places*), og það heldur svo áfram í síðari kaflanum þar sem heimurinn er skoðaður út frá þeim vef sem tengir allt líf. Meginatriði Wirzba hér er að varpa ljósi á heimsmynd sem hann kallar *harmonia mundi* en hana finnur hann ekki síst í Gamla testamentinu. Til að skýra þessa heimsmynd nánar leitar hann til fjölda fræðimanna og kemst að því að lykillinn að því að breyta hugmyndum nútímans um heiminn er að hætta að nota nafnorð og nota sagnorð þess í stað!

Í þriðja hlutanum á sér stað frjó umræða í fjórum köflum um merkingu lífsins en, eins og í fyrri hlutum bókarinnar, býður höfundur upp á áhugaverða samræðu um veraldarhyggju nútímans og meinta afhelgun sem átt hafi sér stað. Wirzba styðst við margs konar orðalag til að skýra út hvað hann á við með heilagleikahugtakinu og hvernig það tengist mönnum og lífi þeirra á jörðinni. Niðurstaða hans er á þá leið að þegar við skynjum hið heilaga þá fögnum við lífi þess og leitumst við að gefa því gjafir (bls. 139). Eitt besta dæmið um hið heilaga finnur hann í sögunni um hvíldardaginn sem samkvæmt gyðinglegum fyrirmælum átti að halda heilagan. Hvað merkir slíkt boðorð nú um stundir? Af umfjöllun Wirzba má ráða eftirfarandi: Hvíldardagsboð Biblíunnar beinist að sköpunarverkinu öllu, ekki aðeins mannum. Það beinist að öllu lífi á jörðinni sem Guð hefur lýst yfir að sé góð. Við erum ekki einu viðfangsefni sem skaparinn ber umhyggju fyrir. Umhyggja Guðs nær til allra lífvera sem allar hafa sínu mikilvæga hlutverki að gegna í lífvefnum. Hvað sem líður illsku og ófullkomleika heims og manns þá afskrifar Guð ekki sköpunarverk sitt. Niðurstöðu fimmta kaflans, sem vísar til umræðunnar um transhúmanismann að framan, má því skilja á þessa leið: Við þurfum að læra að una ófullkomleika mannlegs lífs, elska lífið á jörðinni ásamt því að reyna að bæta þá staði sem við búum á. Það er rangt að leita að paradís á fjarlægum hnöttum. Tilgangur lífs okkar og farsæld er ekki handan jarðarinnar heldur á jörðinni með sambýlisverum okkar öllum.

Í sjötta kaflanum dýpkar umfjöllun höfundar á þessu efni enn frekar þegar hann blandar sér í klassíska, guðfræðilega og trúarheimspekilega orðræðu um sköpun heimsins og eðli hins skapaða heims. Hér kemur ekki á óvart að tvíhyggjuleg umræða um nálægð Guðs annars vegar og fjarlægð hans hins vegar skjóti upp kollinum ásamt gagnrýni á stefið um sköpun úr engu (lat. *ex nihilo*). Kristnir leiðtogar, segir Wirzba, hafa skrumskælt kenninguna um sköpun úr engu og umbreytt henni á þann veg að auðvelt hefur verið að nota hana til

að einkavæða land eða eyða frumbyggjaþjóðflokkum ásamt því að stuðla að því að markaðsvæða bæði menn og málleysingja um víða veröld (bls. 167). Gegn slíkri rangtúlkun teflir hann hugmyndinni um heiminn sem eina heild og heilaga sköpun Guðs. Guðspjöllin tjái þessa merkingu og líti á Jesú sem lykilinn að henni (bls. 173). Fæðing hans, líf, dauði og upprisa, allir þessir atburðir séu túlkaðir í samræmi við sköpunarguðfræðilegan skilning. Markmið lífsins í heiminum sé sjálfsfórn, umhyggja og kærleikur. Það höfum við fengið að sjá í lífi Jesú sem sé til eftirbreytni fyrir allt kristið fólk.

Sjöundi kafllinn snýst um umbreyttan mannskilning sem byggist á tengslahyggju þeirri sem undanfarandi kafli lýsti. Í stað þess að harma stöðu mannsins sem ófullkominnar veru í ófullkomnum heimi er þeirri niðurstöðu unað án sorgar og sútar. Um þau málefni á höfundur samtal við fjölda leikra og lærðra hugsuða í sögu og samtíð, s.s. Dietrich Bonhoeffer, Iris Murdoch, Donnu Haraway og Judith Butler. Öll hafa þau áhugaverð sjónarmið fram að færa sem Wirzba metur mikils. Ekkert þeirra fær þó jafn mikið vægi og túlkun Bonhoeffers á stöðu mannsins en þar tengir hann saman ritskýringu á fyrstu köflum Fyrstu Mósebókar og lútherskan syndarskilning. Guðfræðilega röksemdafærslu Wirzba fyrir eigin ályktun um þau mál má skilja á þessa leið: Fólk sem treystir ekki forsjón Guðs, treystir yfirleitt ekki öðrum. Vantraust í garð annarra er ákaflega varhugaverð forsenda í samfélaginu því að það getur orðið til þess að allt annað en eigin væntingar og þarfir falli í skuggann. Í slíku andrúmslofti skapist hætta á vanvirðingu í garð annarra. Andstæða þessa er sú tegund samfélags sem Jesús boðaði, samfélag jafningja, en því er einkum lýst í guðspjöllunum og í bréfum Nýja testamentisins.

Í áttunda og síðasta kafli bókarinnar er loks fjallað um hvað það merki að maðurinn sé skapandi vera; hvað merkir það í raun að hlutverk okkar hér á jörðu sé að gæta og yrkja garðinn (jörðina) innan ramma sköpunarverksins. Skapandi garðyrkja, í þess orðs bestu merkingu, það er hið sanna viðfangsefni okkar. Með því að við lifum í vinsemd og nálægð við önnur lifandi dýr og lífverur á jörðinni er tryggt að við höldum okkur innan rammans. Kafllinn sem heild er uppbyggileg og skapandi útleggning á því hvað felst í hinu sanna garðyrkjustarfi manneskjunnar. Enn og aftur kemur höfundur inn á það hvernig mismunandi staðir á jarðarkringlunni móti okkur með misjöfnum hætti, sem gerir garðyrkjustörfin mismunandi. Að yrkja og gæta nærumhverfisins telur hann að liggi djúpt í manneðlinu en í því felst að hlúa að hinu veika lífi og efla vöxtinn. Iðnbyltingin og borgarvæðing undanfarinna alda hafi vissulega unnið mikinn skaða. Þá hafi launuð vinna sem slík fengið allt of mikið vægi í nútímasamfélögum á kostnað hvíldarinnar og sköpunarkraftsins. Við verðum að staldra við, segir Wirzba, og endurskoða öll störf okkar út frá sköpunarverki Guðs og sköpunarkraftinum sem hann hefur gefið okkur (bls. 226–227). Við þurfum að endurskoða rætur okkur í moldinni, gefa þeim næringu svo að við getum unnið með öðrum lífverum á einhvern þann hátt að viðunandi sé fyrir jörðina og loftslagið. Að verða samferða öllu því sem lifir hér á jörð í anda jöfnuðar og réttlætis er þannig mikilvægasti boðskapur bókarinnar sem höfundur leggur sig fram um að orða á svo margvíslegan hátt í þessum síðasta kafla, líkt og hann hefur gert í öllum hinum.